

**Förgun seyru við Húsabakka í Suður-
Þingeyjarsýslu**

Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Aðaldælahrepp

NÍ-97020

Akureyri, nóvember 1997



1 INNGANGUR

Á síðasta ári kannaði ég ýmsa möguleika á förgun seyru í Aðaldælahreppi (Halldór G. Pétursson 1996). Tilefni þessarar könnunar var nýleg mengunarvarnareglugerð þar sem sú skylda er lögð á herðar sveitarfélaga að sjá um reglubundna tæmingu og förgun á seyru úr rotþróum eða öðrum hreinsimannvirkjum innan sveitarfélagsins (Mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, greinar 39.1 og 39.2). Niðurstaðan af þeirri könnun var sú að í dag væri urðun eina nothæfa aðferðin til förgunar seyru í Aðaldælahreppi og var stungið upp á nokkrum mögulegum urðunarstöðum. Af þessum stöðum þótti svæði í nágrenni Húsabakka við Skjálfandafljót hentugast og var því ákveðið að kanna það nánar. Um þá könnun og hugsanlega tilhögun urðunarinnar fjallar þessi skýrsla.

2 URÐUNARSVÆÐIÐ

Á bökkum Skjálfandafljóts, skammt vestan við Húsabakka stendur sorpbrennsluþró á fornri, hárrí sandöldu eða sandskaflí. Sandaldan sem er velgróin myndar ca. 4-5 m háan hrygg er teygir sig til norðurs í u.þ.b. 500-1000 m fjarlægð frá Skjálfandafljóti. Hryggurinn er gerður úr foksandi og er hann að jafnaði u.þ.b. 50-100 m breiður. Austan við hrygginn er blaut mýri með tjörnum og vestan við er lágur lynggróinn hjalli að Fljótinu, en ekki virðist teljandi hætta á að það leggist upp að hryggnum. Í hryggnum er urðað gjall úr brennsluþrónni og þar er einnig reykkofi.


Til að kanna nánar efnisgerð og grunnvatnsaðstæður voru þrjár könnunarholur grafnar syðst í hrygginn og umhverfis hann (mynd 1). Var ein þeirra staðsett á lága hjallanum vestan við hrygginn, önnur á háhryggum og sú þriðja í lynggrónum mómum austan við. Efníð í holum 1 og 2 reyndist vera einsleit, moldarblandinn foksandur, en í holu 3 sandríkur jarðvegur með mólinsum. Hóla 1, sem grafin var í háhrygginn, en hann er reyndar nokkru hærri norðar, varð u.þ.b. 4 m djúp. Ekki varð vart við vatnsrennsli inn í hana. Hóla 2, sem liggur um 2-3 m lægra í landinu en hóla 1, var grafin niður á 2.5 m dýpi. Á um 2 m dýpi varð vart við vatnsrennsli inn í hana. Hóla 3 er um 2 m lægra í landinu en hóla 1 og varð hún einnig um 2.5 m djúp. Þar varð einnig vart við vatnsrennsli á um 2 m dýpi.

Hentugast virðist að urða seyruna á svipaðan hátt og gjallið frá sorpbrennslunni, með því að grafa 5-10 eða jafnvel allt upp í 20 m langa skurði í háhrygginn. Dýpt skurðanna gæti verið um 0.5-1.0 m, til að fá nokkra síun áður en komið er niður á grunnvatnsborðið. Skörp brún markar vesturmörk urðunarsvæðisins en til austurs eru mörkin ógreinilegri, en þar má fara nokkuð eftir gróðurfari og þúfnamyndun. Nauðsynlegt er að halda urðuninni frá mólendinu austan við, því þar stendur grunnvatnið hærra, eins og sést best á tjörnunum enn austar. Það skiftir því máli að urðað sé í sandinn í hryggnum, en minna máli skiftir hvar nákvæmlega urðunin fer fram í hryggnum. Það er fyrst og fremst samkomulagsatriði milli landeiganda og sveitarstjórnar.

3 HEIMILDIR

Halldór G. Pétursson 1996: Urðun seyru í Aðaldælahreppi. - Greinargerð til Aðaldælahrepps. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri, 4 bls.

Umhverfissráðuneytið/Hollustuvernd ríkisins 1994: Útdráttur úr mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994.



Mynd 1: Könnunarholur við Húsabakka.